

Stjórnir Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) og Brúar lífeyrissjóðs (BRÚ) hafa samþykkt samruna sjóðanna á grundvelli viljayfirlýsingar sem undirrituð var í desember 2024 og samþykkt af stjórnnum sjóðanna.

LSA mun renna inn í nýja deild hjá Brú, E-deild. Grundvöllur samrunans er að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga LSA verður óbreytt sem og bakábyrgð Akureyrarbæjar.

Um næstu mánaðarmót mun Brú lífeyrissjóður greiða út lífeyri til sjóðfélaga LSA og því geta lífeyrisþegar mögulega orðið varir við breytingar á nýtingu persónuafsláttar. Ef lífeyrisþegar vilja frekari upplýsingar þá er um að gera að hafa samband við Brú lífeyrissjóð með því að bóka samtál á heimasíðu sjóðsins lifbru.is eða senda tölvupóst á lifeyrir@lifbru.is.

Starfsfólk Brúar lífeyrissjóðs býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á lífeyrissmálum starfsfólks sveitarfélaga og verða sjóðfélagar LSA því áfram í góðum höndum. Frekari upplýsingar um Brú lífeyrissjóð eru að finna á heimasíðu sjóðsins lifbru.is.